þar og Fisksölusaml. Meðal stofnenda Björgunarfjel. Vme. og K.F.U.M. og í stjórn þess. K. 17. 12. 10 Sesselja, f. 11. 7. 76, Sigurðardóttir sjóm. úr Borgarf. syðra Sigurðssonar.

**Sigfús** Þorsteinsson **Bergmann**, f. 2. 12. 72 á Hrafnabjörgum í Hörðudal, Dal. For. Þ. Bergmann, b. þar, og k. Ingveldur Daníels-dóttir b. í Litla-Langadal á Skógarströnd Kristjánssonar. Verzlm. hjá P. J. Thorsteinsson á Bíldudal 14 ár frá fermingaraldri. Verzlstj. fyrir P. J. Thorsteinsson í Hafnarf. 1900—08. Kaupm. þar 1909—18. Einn af stofnendum sameignarfjel. Dvergur. Frkvstj. þess 5 ár. Tók mikinn þátt í störfum I.O.G.T., og gegndi mörgum trúnaðarstörfum í bænum. Meðal helztu hvatamanna um stofnun Frík.safnaðar 1913 og í stjórn hans 4 ár. Bæjarftr. 1908—16. D. 9. 11. 1918 í Hafnarf. K. 8. 9. 00 Þorbjörg Sigurðardóttir b. í Pálsbæ á Seltj.nesi Einars-sonar.

**Sighvatur Árnason**, f. 29. 11. 23 á Yzta-Skála undir Eyjafj. For. Á., b. þar, d. 1853, Sveinsson [sáttamanns s. st., Jónssonar dbrm. þar] og k. Jórunn, d. 6. 12. 85, Sighvatsdóttir b. í Skálakoti Einarssonar. B. í Eyvindarholti 1843—1901. Fluttist þá til Rvíkur og átti þar heima síðan. Bókavörður Alþýðubókasafns Rvíkur um skeið. Alþm. Rang. 1865—67, 1875—00 og 1902—03. Hrstj. 34 ár. Sáttamaður 30 ár. Snm. 24 ár. Dbrm. 1899. D. 20. 7. 1911 í Rvík. K.[1] 30. 4. 48 Steinunn, d. 7. 11. 83, Ísleifsdóttir b. á Seljalandi Gizurarsonar. K.[2] 26. 4. 85 Anna, d. 12. 2. 15, Þorvarðsdóttir pr. á Prestsbakka Jóns-sonar.

**Sighvatur** Kristján **Bjarnason**, f. 25. 1. 59 í Rvík. For. B. Krist-jánsson, tómthúsm. í Hlíðarhúsum í Rvík, og k. 7. 11. 63 Þorbjörg Sighvatsdóttir b. á Melum í Melahverfi Jónssonar. Skrifari landshöfð-ingja Hilmars Finsen 1874—85. Dvaldist í Khöfn 1885 til undirbún-ings starfi sínu við Landsbankann. Bókari Landsb. í Rvík 1886—1904. Bankastjóri Íslandsb. 1904—21. Umbm. útl. brunabótafjel. lengi. Bæjarftr. 1900—16. Í niðurj.nefnd 1887—93. Lengi form. Styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarm. í Rvík. Margskonar hlutdeild í fjelagsskap og ýmis önnur trúnaðarstörf. Jústizráð að nafnbót 1904. D. 30. 8. 1929 í Rvík. K. 29. 10. 86 Ásgerður Á g ú s t a, f. 9. 1. 64, Sigfúsdóttir, systir Magnúsar Th. S. Blöndahl.

**Sighvatur Bjarnason**, f. 27. 10. 03 á Stokkseyri. For. B. Jónsson þar og k. Arnlaug Sveinsdóttir b. á Nýjabæ undir Eyjafj. Einarssonar. Form. á vjelbát frá Vme. frá 18 ára aldri. Útgm. þar. Í stjórnum ýmissa fjelaga. R. F. K. 1. 11. 30 Guðmunda, f. 22. 4. 05, Torfadóttir í Hnífsdal Torfasonar.

**Sighvatur** Grímsson **Borgfirðingur**, f. 20. 12. 40 í Nýjabæ á Akranesi. For. G. Einarsson, þurrabúðarm. þar, og k. 14. 11. 23 Guðrún eldri, f. 3. 9. 00, d. 21. 3. 59, Sighvatsdóttir b. á Bóndhól, f. 1763, d. 12. 3. 31, Jónssonar. Fór vistferlum 1861 í Flatey á Brf. og lærði mikið af Gísla Konráðssyni sagnaritara í tómstundum sín-